

ÁRSSKÝRSLA 2023

KJARKUR

endurhæfing

AFTUR ÚT Í LÍFIÐ

Efnisyfirlit

STJÓRN	5
SJÁLFSBJARGARHEIMILIÐ VERÐUR KJARKUR ENDURHÆFING	6
50 ÁRA STARFSAFMÆLI	7
STARFIÐ 2023	8
ÁGRIP AF STARFI STJÓRNAR	10
ÁVARP FORMANNS	11
INNRI ÞJÓNUSTA	12
SKRIFSTOFA	12
MÖTUNEYTI	12
ENDURHÆFING	14
ENDURHÆFING Í DAGÞJÓNUSTU	14
ENDURHÆFING Í SÓLARHRINGSÞJÓNUSTU	17
TALMEINAPJÓNUSTA	18
FÉLAGSRÁÐGJÖF	20
ÁRSREIKNINGUR	21

Útgefandi:

Kjarkur endurhæfing
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500 300

Myndir:

Ýmsir

Ábyrgðarmaður:

Þórdís Rún Þórisdóttir framkvæmdastjóri
thordis@kjarkurendurhaefing.is

Hönnun, umbrot og prentun:

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel ehf.



Stjórn

Stjórn Kjarks er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Tryggja skal nauðsynlega og fjölbreytta þekkingu innan stjórnar á stöðu hreyfihamlaðra, á sviði heilbrigðisþjónustu og/eða endurhæfingar og fjárhagslegum rekstri (fjármálum). Samkvæmt 2. gr. laga Sjálfsbjargar lsh. skipar landsfundur tvo fulltrúa og einn varamann. Stjórn Sjálfsbjargar lsh. skipar svo þrjá fulltrúa og einn varamann. Margrét Lilja Arnheiðardóttir vék úr stjórn í janúar 2023 og varamaðurinn Margrét S. Jónsdóttir kom inn sem meðstjórnandi. Á landsfundi Sjálfsbjargar haustið 2023 var Margrét S. Jónsdóttir kosin meðstjórnandi og Pála Kristín Bergsveinsdóttir kosin varamaður. Stjórn Kjarks endurhæfingar 2023-2024 skipa:

Guðrún Karlsdóttir	Endurhæfingarlæknir	formaður
Björgvin Ingi Ólafsson	Hagfræðingur/MBA	varaformaður
Guðrún Árnadóttir	Iðjuþjálfari/dósent við HÍ	meðstjórnandi
Margrét S. Jónsdóttir	Sjálfsbjörg á Suðurnesjum	meðstjórnandi
Ólafía Ósk Runólfsson	Sjálfsbjörg í Bolungarvík	meðstjórnandi
Pála Kristín Bergsveinsdóttir	Sjálfsbjörg í Reykjavík	varamaður
Soffía Eiríksdóttir	Hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur	varamaður

Sjálfsbjargarheimilið verður Kjarkur endurhæfing

Á árinu 2023 var nafni Sjálfsbjargarheimilisins breytt í Kjarkur endurhæfingu. Var það gert til að nafnið myndi fanga betur þá starfsemi sem félagið rekur. Starfsemin hefur tekið breytingum til að uppfylla endurhæfingarþarfir sem eru til staðar í samfélaginu og með aukinni tækni og betri aðferðum hefur opnast möguleiki og þörf á meiri endurhæfingu.

Kjarkur endurhæfing var opnað í júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi fatlaðra þegar fyrsti íbúinn flutti inn í búsetu. Um var að ræða nýja byggingu að Hátúni 12 í Reykjavík. Aðdragandinn að byggingunni á sér mun lengri sögu en fyrsta skóflustungan að henni var tekin árið 1966 og bar heimilið fyrstu árin nafnið Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar. Því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið og svo í Kjarkur endurhæfing árið 2023.

6

Á árinu 2023 voru gerðar nýjar samþykktir sem lýsa því starfi sem unnið er. Þar segir m.a.: „*Kjarkur endurhæfing er heilbrigðisstofnun sem rekur sérhæfða heilbrigðisþjónustu á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk félagsins er að veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða. Markmið endurhæfingarinnar er að einstaklingar nái viðunandi hæfni til að geta búið sjálfstætt eftir sín áföll.*“

Hlutverk Kjarks endurhæfingar er að „veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða“. Framtíðarsýnin er „aftur út í lífið“. Hlutverk og framtíðarsýn rýmar vel við upphafleg markmið Sjálfsbjargarheimilisins sem gekk út á að einstaklingar nái færni til að lifa eins sjálfstætt og þeim er unnt eftir veikindi eða slys.

Starfsemin hefur vaxið, dafnað og tekið umtalsverðum breytingum. Haldið var upp á hálftrar aldar starfsafmæli á árinu. Stöðugt er verið að bæta endurhæfingu með auknum fjölda fagfólks og á árinu hófst samstarf við næringarfræðing. Í skýrslunni er greint frekar frá starfseminni en Kjarkur endurhæfing er rekið fyrir framlög úr ríkissjóði. Stofnunin er á föstum fjárlögum og hefur það fyrirkomulag verið við lýði frá árinu 1992.

Allar myndir í ársskýrslunni voru teknar á 50 ára afmælisfagnaði sem haldinn var í júní 2023.

50 ára starfsafmæli

Á árinu var haldið upp á 50 ára starfsafmæli og var því fagnað með forseta Íslands hr. Guðna Th. Jóhannessyni, heilbrigðisráðherra hr. Willum Þór Þórssyni, þjónustupegum, aðstandendum þeirra, starfsfólki og mökum, stjórn og öðrum sem hafa komið að félaginu á einn eða annan hátt í gegnum árin. Kaffiveisla var haldin á Grand hóteli í júní mánuði og um 100 gestir voru á samkomunni. Forseti og heilbrigðisráðherra tóku til máls og í veislunni var nýtt nafn afhjúpað. Við þetta tilefni var opnuð ný vefsíða og kynnt nýtt lógó. Afmælið tókst vel og lítum við björtum augum til næstu 50 ára.



7



Starfið 2023

Fjöldi stöðugilda var 50 á árinu 2023. Á hverju ári eru einhverjir starfsmenn að glíma við langtíma veikindi en þeir voru reyndar óvenju fáir á árinu 2023. Á undanförunum árum hefur veikindadögum fækkað en á árinu 2022 fjölgaði þeim aftur og því var ákveðið að hefja samstarf við Heilsuvernd um skráningu veikinda starfsmanna. Starfsmenn þurfa því, þegar þeir eru veikir, að tilkynna veikindi til síns næsta yfirmanns og í framhaldi tilkynna veikindi til hjúkrunarfræðinga Heilsuverndar. Þar fá þeir samtal við hjúkrunarfræðing og ráðgjöf um næstu skref. Markmiðið með þessu samstarfi er að efla heilbrigði starfsmanna og vellíðan ásamt því að veita stjórnendum betri yfirsýn yfir veikindamynstur og/eða bregðast við heilsuspillandi vinnuaðstæðum. Á árinu 2023 var heildarfjöldi veikindadaga starfsmanna 1548 en hafði verið árið á undan 2214. Nemur þetta um 30% fækkun á veikindadögum milli ára og eru veikindadagar aftur orðnir álíka margir og þeir voru fyrir árið 2022. Veikindi vegna barna árið 2023 voru 82 sem er svipaður fjöldi og fyrri ár.

Á árinu 2022 hófst vinna við jafnlaunavottun í samstarfi við fagaðila. Markmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Verkefnið er yfirgripsmikið og því lauk á árinu 2023 með úttekt. Fyrstu vottun lauk á árinu 2023 og er Kjarkur endurhæfing því komið með jafnlaunavottun.

8

Starfsmenn og símenntun

Árshátíð var haldin fyrir starfsmenn í janúar og í febrúar var þorramatur á boðstólum. Venju samkvæmt fengu starfsmenn páskaegg og grillað var á svölunum um sumarið. Ýmis fræðsla var í boði fyrir starfsmenn en boðið var upp á örfræðslu um forstíggis sykursýkis og sagt var frá ráðstefnu sem nokkrir fagaðilar sóttu í Dublin þar sem rætt var um heilaskaða. Starfsmenn fengu kennslu á hjartastuðtækin sem eru staðsett í öllum starfseiningum og í október voru haldnir starfsdagar. Á starfsdögum var að þessu sinni fræðsla um höfuðáverka frá Guðrúnu Karlsdóttur endurhæfingarlækni og farið var ítarlega yfir inntökufærlíð, endurhæfingarferlið og útskrift. Dagurinn endaði svo með smá skemmtun í salsakennslu.

Heilsuvika hefur fest sig í sessi bæði fyrir starfsmenn og þjónustuþega. Í heilsuvikunni er boðið upp á hollan og góðan mat rétt eins og alltaf en bætt er við úrvalið og boðið upp á nýjungar. Einnig er boðið upp á fræðslu sem tengist heilsu og að þessu sinni var boðið upp á fræðslu um svefn, andlitsjóga og leiðir til bættrar heilsu, líkamlegrar og fjárhagslegrar. Bæði starfsmönnum og þjónustuþegum stóð til boða að fá flensubólusetningu og það eru alltaf einhverjir sem þiggja það.

Annað hvort ár er haldið skyndihjálparnámskeið og í ár var boðið upp á tvær tegundir námskeiða. Annað námskeiðið var styttra upprifjunarnámskeið og svo var boðið upp á hefðbundið skyndihjálparnámskeið fyrir þá sem ekki hafa farið á slíkt námskeið eða vinna mjög náið með þjónustuþegum í sínum daglegu störfum.

Kjarkur tók þátt í kvennaverkfallinu sem var 24. október og þann dag mættu konur/kvár ekki til vinnu og karlar stóðu vaktina. Kjarkur er eins og aðrar heilbrigðisstofnanir að mestu leiti skipaður konum og stjórnendum fannst mikilvægt að konur tækju þátt í verkfallinu sem þær gerðu.

Enn er unnið að því að þetta hóp sérfræðinga sem starfa hjá Kjarki og á árinu var hafið samstarf við næringarfræðing sem veitir einstaklingsráðgjöf til þjónustuþega í endurhæfingu. Næring er mikilvæg og sérstaklega þegar hreyfigeta einstaklinga minnkar.

Nokkrir starfsmenn fögnuðu stórafmælum á árinu. Guadaly M. Antonio matartæknir varð 40 ára, Alda Ásgeirsdóttir forstöðumaður sólarhringsþjónustu varð 60 ára og Ragna Einarisdóttir í aðhlyningu varð 30 ára. Þrír starfsmenn áttu starfsafmæli á árinu og voru það Björg Hreinsdóttir og Karina Pedersen iðjuþjálfar sem fögnuðu báðar 15 ára starfsafmæli. Priscela Encargos Ycot starfsmaður í dagþjónustu fagnaði einnig 15 ára starfsafmæli. Þökkum við þeim fyrir vel unnin störf.

Húsnæðið

Áfram var haldið að lagafæra húsnæðið og bæta aðstöðu starfsfólks. Endurnýjuð var búningsaðstaða starfsmanna í mötuneyti og salerni máluð og betrubætt. Einnig var gömlum gardínum í matsal skipt út og hurðir endurnýjaðar en þær voru upprunalegar og farnar að láta á sjá. Á 3ju hæð var útbúið hlýlegt viðtalsherbergi, handrið á göngum tekið niður og málað. Húsgögn á kaffistofu starfsmanna voru endurnýjuð og útbúinn kennslu/fyrirlestrarsalur. Einnig var útbúið þjálfunarherbergi fyrir talmeinaþjálfun og aðra iðjuþjálfun.

Húsnæði dagþjónustunnar er óhentugt og unnið var að því á árinu að finna lausnir á þeirra húsnæðisvanda. Rýmið sem hýsir þessa starfsemi var upphaflega byggt sem veislusalur sem þýðir að það er hátt til lofts og vítt til veggja. Slíkt er ekki ákjósanlegt í endurhæfingu og einnig vantar betri aðstöðu fyrir starfsmenn. Gripið var til þess ráðs að flytja iðjuþjálfu upp á 3ju hæð þar sem skrifstofur Kjarks eru. Var það tímabundin ráðstöfun á meðan að unnið var að úrbótum. Nú er útséð að núverandi húsnæði verður ekki lagfært þar sem kostnaður við það er of mikill. Stefnt verður að því að flytja þessa starfsemi á 4. hæð í B álmu hússins. Hluti starfsmanna verða með aðstöðu á 3ju hæðinni en 4. hæðin verður gerð að þjálfunarrými. Hafist var handa við undirbúning og niðurrif í desember 2023 og hafist verður handa við uppbyggingu strax á nýju ári.

Vegna nafnabreytingar þurfti að merkja betur þá staði í húsinu sem Kjarkur hefur til umráða og var það gert á haustmánuðum. Einnig var sett í loftið ný heimasíða en sú eldri hafði verið sett upp til bráðabirgða nokkrum árum áður.

Samstarf og fundir

Samstarf við ÍFR var áframhaldið og felur það í sér aðgang að tækjasal þeirra. Þónokkir sem eru í endurhæfingu nýta sér tækjasalinn og stutt er að fara til ÍFR. Gott samstarf hefur verið í gegnum árin við ÍFR. Á seinni hluta ársins var leigð aðstaða til endurhæfingar í vatni hjá sundlaug Hrafnistu í Hafnarfirði þar sem sundlaugin í Hátúni 12 var lokað tímabundið.

Á árinu var fundað með öðrum fagaðilum og ráðuneyti. Fulltrúar Heilabrots komu í heimsókn, starfsmenn fóru í heimsókn til Ljóssins og fengu kynningu á þeirra starfsemi og við fengum fulltrúa frá Oddfellow í heimsókn undir lok árs til að kynnast starfseminni. Fundað var nokkrum sinnum á árinu með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins og framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Rekstur

Í desember var skipt um símtæki og búnaður uppfærður en símkerfið var orðið útelt. Einnig var tekið upp gæðaeftirlitskerfi í mötuneyti til að viðhalda gæðum í rekstri þess.

Fjárhagslegur rekstur var viðunandi á árinu 2023. Rekstrinum er fylgt vel eftir og var hann að mestu samkvæmt áætlun en vissulega eru breytingar á gjaldaliðum milli ára. Á árinu var töluverður kostnaður vegna nafnabreytingar og smíði á nýrri vefsíðu. Endurnýjaðar voru hurðir í matsal og fjárfest í nýjum ofni í mötuneytinu sem var kominn

til ára sinna. Mönnun var stöðug og yfirvinna fór ekki úr böndunum frekar en árið á undan. Nýtt viðverkerfi styður vel við greiningu á mönnunarþörf og veitir betri yfirsýn en verið hefur. Í rekstrinum skiptir mestu máli að halda launalið í skefjum og það tókst á árinu en laun og launatengd gjöld er stærsti rekstarliðurinn. Úrdráttur úr ársreikningi fylgir með aftast í skýrslunni.

Ágrip af starfi stjórnar

Helstu verkefni stjórnar er að taka ákvarðanir í öllum meiriháttar málum er varðar starfsemina, svo sem að móta stefnu, samþykkja rekstrar- og fjárhagsáætlanir hvers árs og öll meiriháttar útgjöld. Ársreikningur Kjarks endurhæfingar er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra sem samþykkja ársreikninginn með undirskrift sinni. Ársskýrsla og ársreikningur er kynntur á árlegum landsfundi Sjálfsbjargar lsh. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og annast hann daglegan rekstur.

Við upphaf hvers stjórnarfundar er farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún lögð fram til samþykktar. Á árinu komu ýmis mál til umræðu. Reglulega er rætt um fjármál og lögð fram árshlutauppgjör. Í byrjun árs er lögð fyrir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Allar ákvarðanir sem ekki teljast til daglegs rekstrar eru bornar undir stjórn til samþykktar.

10

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði annan hvorn mánuð en falla niður yfir hásumarið. Á árinu hélt stjórnin sex formlega bókaða stjórnarfundum og í lok árs höfðu alls verið haldnir 241 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Fundirnir eru staðfundir að beiðni stjórnarmanna. Gögn fyrir stjórnarfundum eru sett á sameiginlegt drif stjórnarmanna með nokkura daga fyrirvara til að stjórnarmenn hafi tíma til að fara yfir umræðuefni næsta stjórnarfundar. Með þessu vinnulagi verða fundir skilvirkari. Í upphafi árs var litið til komandi árs, áherslur stjórnar og rætt um fyrirkomulag funda.

Milli stjórnarfunda sendir framkvæmdastjóri upplýsingapóst um helstu málefni. Með þessu fyrirkomulagi er stjórn stöðugt upplýst um starfsemina þótt að haldinn sé stjórnarfundur annan hvorn mánuð.

Árið 2023 var afmælisár og þá varð stofnunin 50 ára. Unnið var að undirbúningi fyrir afmælið og var það haldið í júnímánuði. Forseti Íslands og heilbrigðisráðherra komu í afmælið ásamt fleiri gestum. Í afmælinu var kynnt nýtt nafn sem fundið var í samstarfi við auglýsingastofu. Við þessa tímamót var einnig sett í loftið ný heimasíða. Nýja nafnið er Kjarkur endurhæfing.

Málefni sundlaugar voru töluvert rædd á árinu sem fór svo að Kjarkur sagði upp leigu á sundlauginni vegna mikils kostnaðar við húsaleigu og viðhalds. Ekki náðist nýtt samkomulag við Sjálfsbjörg vegna sundlaugarinnar á árinu og því var leigð aðstaða til endurhæfingar í vatni hjá Hrafnistu. Samstarf milli Kjarks endurhæfingar og skrifstofu Sjálfsbjargar voru rædd á stjórnarfundum þar sem miklir samskiptaerfðileikar voru á fyrri hluta árs. Úr því leystist á vormánuðum þegar mannabreytingar urðu á skrifstofu Sjálfsbjargar.

Unnið var að samþykktum og þær uppfærar en fyrri samþykktir voru frá árinu 1997. Einnig vann stjórn að starfsreglum og mikil vinna var lögð í þessi mál af hálfu stjórnar. Allur rammi utan um starfsemi félagsins hefur verið skilgreindur og fenginn var lögmaður til að vinna þetta með stjórn og framkvæmdastjóra. Þessi verkefni eru tímafrek og vandað var til verksins af hálfu stjórnar.

Húsnæði dagþjónustunnar er óhentugt og rætt var við arkitekta um breytingar á húsnæðinu. Ljóst var að þær breytingar sem hefði þurft að gera voru mjög kostnaðarsamar og því var leitað annarra leiða. Á seinni hluta árs opnaðist möguleiki á því að leigja 4.

hæð í Hátúni 12 og hafist var handa við breytingar á þeirri hæð. Við þessar breytingar verður starfsemi Kjarks sameinuð í húsinu en húsnæði dagþjónustunnar er í annari álmu hússins en önnur starfsemi sem er visst óhagræði.

Stjórn samþykkti undir lok árs að greiða inn á lán sem var tekið árið 2017 vegna lífeyrisskuldbindinga eins og gert hefur verið árin á undan.

Stjórnarstarfið gekk vel fyrir sig og á árinu var unnið að stórum og tímafrekum verkefnum sem teygðu sig yfir þó nokkurn hluta ársins og fram á næsta starfsárs stjórnar.

Ávarp formanns

Stjórn félagsins hélt sex formlega bókaða stjórnarfundum á árinu 2023 og í lok árs höfðu alls verið haldnir 241 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Undirrituð hefur verið formaður stjórnar frá júní 2022. Allir stjórnarfundir ársins voru staðfundir fyrir utan aukafund sem var haldinn vegna undirbúnings fyrir 50 ára starfsafmæli Kjarks.

Í byrjun árs varð breyting á stjórn þegar Margrét L. Arnheiðardóttir vék úr stjórn og kom Margrét S. Jónsdóttir varamaður inn sem meðstjórnandi. Á haustfundum Sjálfbjargar var Margrét S. Jónsdóttir skipuð meðstjórnandi og inn kom nýr varamaður í hennar stað Pála Kristín Bergsveinsdóttir félagsráðgjafi.

Á árinu átti stofnunin 50 ára starfsafmæli og var haldið upp á það með glæsibrag. Forseti Íslands og heilbrigðisráðherra héldu tölu við þetta tækifæri og nafninu var breytt. Sjálfbjargarheimilið varð að Kjarki endurhæfingu en ljóst var að gamla nafnið endurspeglaði ekki nægjanlega þá þjónustu sem Kjarkur býður uppá.

Reksturinn var hefðbundinn og það var ekkert sem kom á óvart á liðnu ári en töluvert var um einskiptis kostnað sem tengdist nafnabreytingunni, gerðar nýrrar vefsíðu og 50 ára afmælisveislunni. Vel er haldið utan um launalið en það er stærsti gjaldaliðurinn í rekstrinum.

Á árinu áttu þrjú starfsmenn starfsafmæli. Björg Hreinsdóttir og Karína Pedersen iðjuþjálfar fögnuðu 15 ára starfsafmæli. Priscela Encargés Ycot starfsmaður í dagþjónustu fagnaði einnig 15 ára starfsafmæli. Vil ég nota tækifærið og þakka þessum starfsmönnum fyrir vel unnin störf í þágu Kjarks.

Áfram var unnið að því að efla samstarf milli eininga og haldnir voru fundir með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins sem eru að leggja lokahönd á gerð kröfulýsingar sem í framhaldi leiðir til þess að Kjarkur endurhæfing gerir samning við Sjúkratryggingar Íslands. Þessi áform hafa verið í deiglu sýðustu ár og áætlað er að gengið verði til samninga við Sí á árinu 2024.

Ég lít björtum augum til framtíðar og bind vonir við að áform okkar verði þjónustuþegum Kjarks endurhæfingar og öllum starfsmönnum til heilla.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum Kjarks endurhæfingar fyrir vel unnin störf í þágu þess á liðnu ári.

Guðrún Karlsdóttir

Formaður stjórnar Kjarks endurhæfingar

Innri þjónusta

Innan Kjarks er fjölbreytt starfsemi og endurhæfingu er sinnt af tveimur deildum, dagþjónustu og sólarhringsþjónustu. Aðrar starfseiningar styðja við starfsemi endurhæfingar og eru þær starfseiningar skrifstofan og mötuneytið.

Skrifstofa

Þórdís Rún Þórisdóttir er framkvæmdastjóri Kjarks endurhæfingar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjármálum og öllum daglegum rekstri gagnvart formanni stjórnar. Tveir aðrir starfsmenn starfa á skrifstofunni en verkefni skrifstofu er að annast starfsmannamál, túlkun kjarasamninga, færsla bókhalds og utanumhald með greiðslum. Einnig sinna tilfallandi verkefnum og vera stuðningur við aðra starfsemi Kjarks. Mikil áhersla er lögð á að faglega sé unnið úr úrlausnarmálum sem upp kunna að koma. Fjöldmörg verkefni koma á borð skrifstofunnar sem eru mörg af ólíkum toga en flest þeirra tengjast rekstri á einn eða annan hátt.

12

Skrifstofan starfar þverfaglega með öllum starfseiningum Kjarks. Lögð er áhersla á gott samstarf og miðlun upplýsinga til starfsmanna. Verkefni starfsmanna eru ólík en mikil samskipti eru við aðra stjórnendur og samstarfsfólk. Ráðinn var húsvörður og hóf hann störf í byrjun árs en Kjarkur hefur til umráða næstum 2500 m² og það er í mörg horn að líta.

Fjármál

Ársreiking fyrir árið 2023 má sjá aftast í skýrslunni. Ríkisframlagið fyrir árið 2023 voru 804 m.kr. en var 756 m.kr. árið 2022. Hækkunin milli ára var rúmar 48 m.kr. Helsti gjaldaliðurinn er launaliðurinn og var hann rétt yfir áætlun á árinu en launahækkunar komu til framkvæmda sem ekki var hægt að áætla fyrir þar sem samningar voru á miðju ári. Liðurinn Annar rekstarkostnaður var 179,9 m.kr. á árinu 2023 sem er töluvert hærri en hann var árið áður en þá var hann 143,1 m.kr. Þessa hækkun má helst rekja til kostnaðar vegna breytinga á nafni, hönnun á nýju lógói og vefsíðu. Einnig voru gerðar endurbætur á húsnæði á árinu sem voru kostnaðarsamar.

Þegar tekið er tillit til fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða ársins 2023 jákvæð um rúmar 22 m.kr. Þetta er lægra en árið á undan en vel viðunandi miðað við rekstur fyrri ára. Að öðru leyti er vísað á ársreikninginn sem fylgir með aftast í þessari skýrslu.

Mötuneyti

Jóhann Sveinsson matreiðslumeistari er forstöðumaður mötuneytis Kjarks endurhæfingar og stjórnar daglegum rekstri þess. Á árinu var farið hagræðingu í mötuneytinu og var fækkað um þrjú stöðugildi, vaktafyrirkomulagi var breytt og þrifum var útvistað. Einnig var tekið upp meira samstarf við aðrar deildir og starfsmenn þeirra.

Mötuneytið er opið alla daga ársins og fyrir þá þjónustuþega sem eru í sólarhringsþjónustu er boðið upp á morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat. Fyrir þá sem eru dagþjónustu er boðið upp á morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi. Að auki sinnir mötuneytið margskona verkefnum svo sem veitingum á fundi og viðburði eftir þörfum. Grunnstarfsemin er þó að sjá þjónustuþegum fyrir hollum og góðum mat.



Tekið var í notkun eSmiley sem er rafrænt HACCP gæðaeftirlitskerfi sniðið að þörfum mötuneyta og gæðastaðla þess. Kerfið hefur verið aðlagð að íslenskum markaði og þýtt á íslensku og ensku. Með eSmiley er gæðaeftirlitið einfalt og við náum fullri stjórn á matvælaöryggi í okkar mötuneyti. Þetta styður líka við heimsóknir eftirlitsaðila og tryggir gæði í meðhöndlum matar og vinnubrögðum. Einnig er fylgst betur með flokkun sorps.

Skipt var um hurðir í rými mötuneytis á gang og í sal og útbúin var betri búningaástaða fyrir starfsmenn. Einnig voru salerni starfsmanna lagfærð og máluð. Eldunartæki voru endurnýjuð og keyptur nýr ofn. Töluverð þróun var í framsetningu á kvöldverði á árinu og ýmsar útfærslur prófaðar. Áfram verður haldið með þá vinnu á nýju ári.

Starfsfólk mötuneytis heldur sínu striki og býður upp á góðan og fjölbreyttan mat á hverjum degi. Áfram verður lögð áhersla á að útbúa hollan mat og minnka neyslu á unnum matvælum. Vikulega er hafður grænmetisréttur, fiskur er á boðstólum tvisvar í viku og í eftirmat eru niðurskornir ferskir ávextir. Áfram er lögð áhersla á að allir séu ánægðir og glaðir og við sjáum það á hverjum degi hvað matur skiptir þjónustupega miklu máli. Ekki síst fyrir þá sem búa úti í bæ og eru ekki duglegir að elda sjálfir. Það er þá allavega tryggt að þeir fái góða næringu þá daga sem þeir eru í þjálfun hjá Kjarki endurhæfingu.

Endurhæfing

Inntökuteymi annast móttöku allra umsókna. Teymið fundar reglulega og fer yfir umsóknir en hlutverk þess er að fjalla um umsóknir og meta endurhæfingarþörf umsækjenda. Félagsráðgjafi stýrir starfi teymisins en að því koma auk félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar og talmeinafræðingur. Fundað er tvisvar í mánuði og oftast ef þörf er á. Inntökuteymið annast mat á umsóknum sem berast og eru í sambandi við fagaðila tengt þeim. Umsóknir berast aðallega frá Grensásdeild og Reykjalundi, en einnig frá taugalækningadeild Landspítala. Meta þarf hverja umsókn og oft þarf að leita frekari upplýsinga, en góð samvinna hefur verið á milli stofnana.

Í endurhæfingunni er unnið út frá hagnýtum einstaklingsmiðuðum markmiðum sem eru endurskoðuð reglulega. Endurhæfingarteymið fundar reglulega og á þeim fundum er farið yfir endurhæfingaráætlun þjónustuþega. Endurhæfingaráætlun er stöðugt endurmetin og aðlöguð að hæfi hvers og eins. Endurhæfingarteyminu stýrir talmeinafræðingur en í því starfa félagsráðgjafi, iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar og sjúkráþjálfari. Læknir er kallaður til eftir þörfum. Teymið fundar tvisvar sinnum í viku, annars vegar um endurhæfingu í sólarhringsþjónustu og hins vegar um þá sem eru í endurhæfingu í dagþjónustu. Þá er farið vel yfir markmið hvers þjónustuþega sem er í endurhæfingu og staðan tekin um framhaldið. Á þessum fundum er einnig ákveðið hvenær skuli halda fjölskyldufundi og markmiðafundi, sem eru þá haldnir sér með því fagfólki sem kemur að endurhæfingu þjónustuþega.

14


Endurhæfing í dagþjónustu

Valerie J. Harris iðjuþjálfari er forstöðumaður dagþjónustu hjá Kjarki endurhæfingu. Markmið dagþjónustu Kjarks er að veita endurhæfingu og stuðningsþjónustu sem gerir einstaklingum kleift að viðhalda og/eða auka færni, búa lengur í eigin húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Þjónustan byggir á ákveðinni hugmyndafræði um endurhæfingu og heilsufar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint endurhæfingu sem:

Endurhæfing er röð íhlutana sem þörf er á fyrir fólk sem býr við eða er líklegt að verði fyrir takmörkunum á færni í daglegu lífi vegna öldrunar og heilsubreysts, þ.m.t langvinnra sjúkdóma eða raskana, áverka eða slysa. Slíkar hömlur geta verið vegna skerðingar á hugrænni getu, sjón, heyrn, samskiptafærni, getu til að komast um, tengslamyndun eða starfsgetu. Endurhæfing eflir fólk á öllum aldri til að viðhalda eða ná aftur færni í daglegu lífi, lifa innihaldsríku lífi og hámarka lífsgæði. Endurhæfing er einstaklingsmiðuð heilsufarsaðgerð sem getur farið fram innan sérhæfðar endurhæfingarþjónustu (oft fyrir fólk með flóknar þarfir) eða sem hluti af annarri þjónustu vegna heilsubreysts eða fötlunar, til dæmis heilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fólk með sjón- eða heyrnarskerðingu (Heilbrigðisráðuneytið, 2020)

Myndin fyrir neðan frá Alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu (WHO 2015) lýsir hvernig færni einstaklings á ákveðnu sviði ákvarðast af mjög flóknu samspili heilsufars og aðstæðna. Að efla einstaklinginn og fjölskyldu hans til að ná sem mestri færni í daglegu lífi og lífa innihaldsríku lífi er áskorun. Þjónusta þarf að vera fjölbreytt, sveigjanleg og fyrst og fremst einstaklings- eða fjölskyldumiðuð með skýrum markmiðum og tímaramma.

Í dagþjónustu starfa fjórir iðjubjálfar, þar af er einn þeirra forstöðumaður, einn sjúkraþjálfari, tveir íþróttafræðingar, einn verkefnastjóri, fjórir sérhæfðir aðstoðarmenn, og jóga-kennari (verktaki). Dagþjónustan veitir 35 þjónustuþegum þjónustu. Af þessum hópi sem sækir dagþjónustu eru þrír í hjúkrunarbúsetu en aðrir eru í tímabundinni eða viðhaldsendurhæfingu.



Skilgreining frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um endurhæfingu og heilsufar er höfð að leiðarljósi í starfsemi Kjarks.

Langflestir þjónustuþegar koma í beinuframhaldiaffrumendurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Mikil áhersla er lögð á að hafa þjónustuna samfellda svo að einstaklingar byrja oftast 2-3 vikur bæði á Grensásdeild og hjá Kjarki. Dögunum á Grensásdeild fækkar síðan og dögum hjá Kjarki fjölga. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel. Aðrir þjónustuþegar koma frá taugasviði Reykjalundar, í gegnum heilsugæsluna og á eigin vegum með stuðningi frá heimilislæknum.

Einstaklingsmiðuð þjónusta

Að hafa aðgang að þessari þjónustu eflir og styrkir þjónustuþega og styður við fjölskyldur. Fagfólk, sem getur gripið inn í þegar færni eða fjölskyldumynstur breytist, getur skipt öllu máli fyrir þjónustuþega og aðstandendur þeirra. Dagþjónustan styðst við einstaklingsmiðaða þjónustu, en með þeirri þjónustuaðferð tekur einstaklingurinn virkan þátt í að efla eigin heilsu og endurhæfingu í samvinnu við fagfólkið sem sinnir þörfum hans og óskum, virðingu og skilning. Með því móti er hægt að setja markmið sem leiða til breytinga. Endurhæfingþjónustunni er núna skipt upp í tvær þjónustuleiðir.

1. Endurhæfing, tímabundin með eða án íbúðar.
2. Endurhæfing, langtíma/viðhaldsendurhæfing.

Endurhæfingaráætlun með markmið og tímaáætlun er unnin fyrir hvern og einn og endurmetin reglulega. Endurhæfingaráætlun einstaklinga í tímabundinni endurhæfingu eru í höndum endurhæfingarteymis og markmið og íhlutun skipulögð af þverfaglegu teymi. Þjónustan er veitt þar sem hennar er þörf í samfélaginu á forsendum einstaklingsins. Hún er mjög fjölbreytt og miðast við þarfir hvers og eins. Viðhaldsendurhæfing er í höndum langtímaendurhæfingarteymis sem samanstendur af fagfólki og sérhæfðu aðstoðarfólki. Íhlutun fer fram að mestu leyti í hópum innan húsnæðis dagþjónustu, ÍFR, Sundlaug Hrafnistu, en líka í samfélaginu.

Þjónustuþegar

Áhersla er á að umsækjendur um þjónustu séu á aldrinum 18 til 67 ára. Eftir 67 ára aldur er aðeins gert ráð fyrir takmarkaðri þjónustu t.d. 1-2 dögum á viku að hámarki. Einstaklingar sem hafa fengið þjónustu og eru að verða 67 ára fá markvissa þjálfun og stuðning til að kanna þjónustu eldri borgara og tengjast þeirri þjónustu. Undantekning er þó gerð frá þessari reglu ef einstaklingar geta ekki nýtt sér öldrunarþjónustu vegna fötlunar og þurfa áfram sérhæfða þjónustu.

Árið 2023

Þróun endurhæfingarþjónustu heldur áfram sem þýðir að allt er að breytast. Þjónustuþegar og starfsfólk finnur fyrir breytingum á skipulagi, tegund þjálfunar og margt fleira. Hrósa má öllum fyrir þátttöku í breytingarferlinu með virkri þátttöku og þolímæði. Markmið breytinganna er að veita betri endurhæfingarþjónustu og efla bæði þjónustuþega og starfsfólk. Í tímabundinni endurhæfingu hafa þverfaglegir þjálfunarhópar verið stofnaðir. Þjálfun þessara hópa fer fram í samfélaginu og hefur reynst vel. Í viðhaldsendurhæfingu hefur fókus verið á að efla hóppjálfun bæði í hreyfi- og iðjuhópum. Sundhópar voru fluttir í sundlaug Hrafnistu í Hafnarfirði s.l. haust þar sem sundlaug Sjálfsbjargar var lokað. Sundþjálfun gengur vel og er tvisvar til þrisvar í viku.

Verklag hefur verið að breytast í samvinnu við endurhæfingarteymi. Í dagþjónustu hefur áherslan verið lögð á að auka og bæta skráningu, þátttöku í þjálfun og endurmeta reglulega endurhæfingar stundaskrá þeirra sem eru ekki að taka þátt til að finna út orsök minnkandi þátttöku.

Starfsmenn

Til að geta þróað starfsemina er lykilþáttur að efla færni starfsmanna. Starfsfólk í dagþjónustu hefur verið duglegt að taka þátt í símenntun. Starfsfólk hefur tekið þátt í fræðsludögum tengdum endurhæfingu/þjálfun, námskeiðum og ráðstefnum bæði innanlands og erlendis. Starfsmenn hafa líka verið duglegir að bjóða uppá örfraeðslu og viðburði fyrir alla starfsmenn Kjarks.

Iðjuþjálfar tóku þátt í rannsókn til að kortleggja og skilgreina hvaða íhlutun þau veita þjónustuþegum. Undirrituð stýrði rannsókn í samvinnu með Guðrúnu Árnadóttur iðjuþjálfara í rannsóknaraðstöðu á LSH og dósent í Háskóla Íslands. Þáttaka í rannsókninni eflir fagmennsku og leiðir til betra innsæis þjálfara um íhlutun. Stefnt er að því að segja frá þessari rannsókn á ráðstefnu iðjuþjálfara.





Húsnæðið

Húsnæði dagþjónustunnar hefur aldrei stutt við starfsemina og skrifað hefur verið um þetta í mörgum ársskýrslum. Loksins var ákveðið að leita leiða til að leysa þennan vanda til að tryggja að þróun endurhæfingar er ekki takmörkuð vegna núverandi húsnæðis. Leitað var til arkitektastofu til að gera tillögur að breytingum. Tillögurnar sýndu að bylta þyrfti núverandi húsnæði til að koma til móts við þarfir endurhæfingarinnar. Eftir miklar umræður, greiningu og vangaveltur kom framkvæmdastjóri með tillögu um að flytja dagþjónustu á 4. hæð B-álmu hússins. Þetta er mjög spennandi kostur fyrir dagþjónustuna til að efla endurhæfingu í húsnæði sem styður við starfsemina. Stefnt er að því að byrja framkvæmdir í janúar 2024.

Næstu árin munum við sjá mjög miklu breytingar á endurhæfingu Kjarks sem mun leiða til þjónustu sem er meira í takt við breytt samfélag. Margar áskoranir eru framundan, en gott starfsfólk og þjónustubegar eru tilbúnir til að finna lausnir. Mikilvægi hlutverks Kjarks endurhæfingar í heilbrigðisþjónustu er að styrkjast.

Endurhæfing í sólarhringsþjónustu

Alda Ásgeirsdóttir, hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur er forstöðumaður endurhæfingar í sólarhringsþjónustu og hjúkrunar hjá Kjarki endurhæfingu. Í dag eru tveir hópar þjónustubega í þjónustu hjá Kjarki endurhæfingu. Annarsvegar eru það þeir sem koma í endurhæfingu og dvelja þá í allt að tvö ár. Af þeim tíma liðnum útskrifast þeir heim til sín eða í önnur úrræði eftir getu hvers og eins. Hinsvegar eru það hreyfihamlaðir einstaklingar sem eru í hjúkrunarbúsetu en það eru einstaklingar sem hafa búið í töluverðan tíma hjá Kjarki endurhæfingu og eru farnir að eldast. Viðhaldsendurhæfing með sólarhringsþjónustu er einnig í boði fyrir styttri tíma og er sér íbúð fyrir það úrræði. Einnig er hægt að nýta þá íbúð fyrir hvíldarinnlögn.

Á árinu voru fimmtán skráðir í endurhæfingu í sólarhringsþjónustu, af þeim voru tveir útskrifaðir til síns heima. Einstaklingar sem útskrifast fá viðeigandi aðstoð sem búið er

að meta af fagaðilum áður en þeir útskrifast. Fundað er með viðeigandi þjónustuaðilum sem taka við og er útskrift vel skipulögð.

Starfið er í stöðugri í þróun sem reynir á starfsfólk og getu þess til að breyta. Starfsfólkið hefur staðið sig mjög vel og er ánægt með þessar breytingar sem hafa orðið hjá okkur á undanförunum árum. Á nýju ári verður tekin inn velferðatækni sem auðveldar og skilgreinir betur okkar vinnu og auk þess að auðvelda samskipti milli eininga. Á árinu voru í heildina 24 þjónustuþegar í sólarhringsþjónustu hjá Kjarki endurhæfingu.

Starfsfólk

Áhersla hefur verið lögð á fræðslu fyrir starfsfólk, þar sem starfsemin hefur tekið miklum breytingum undanfarið. Öfræðsla hefur t.d. verið fyrir starfsfólk þar sem erfitt er að skipuleggja langa fræðslufundi vegna eðli starfsins. Öfræðsla er einu sinni í mánuði, þar sem tekið er fyrir efni sem er mikilvægt að fræðast um og ræða hverju sinni. Að auki taka starfsmenn þátt í starfsdögum þar sem boðið er upp á fræðslu sem tengist starfinu. Reglulega er farið yfir skyndihjálparkunnáttu starfsmanna og viðbrögð við bruna.

Starfsfólk í sólarhringsþjónustu er til staðar allan sólarhringinn. Læknir frá Heilsuvernd ehf. kemur á fund hjúkrunarfræðinga einu sinni í viku þar sem farið er yfir mál þjónustuþega, eftir þörfum. Þess utan eru þeir á bakvöktum.

18

Vel hefur gengið að manna starfsemina í sólarhringsþjónustunni og á haustmánuðum var ráðinn til starfa hjúkrunarfræðingur, Svanhildur Sigurjónsdóttur, sem er sérfræðingur í endurhæfingu. Að öðru leiti hafa ekki orðið miklar mannabreytingar. Það er ánægjulegt að starfsfólk í aðhlyningu hefur verið að bæta við sig námi og njótum við góðs af því. Við höfum hvatt starfsmenn til að fara á námskeið og bæta við sig þekkingu.

Starfsemi ársins

Þó árið hafi farið í breytingar þá eru fastir liðir enn til staðar. Þorramaturinn var á sínum stað í matsal eins og venja er, sumarblómin voru sett niður og döfnuðu vel. Þjónustuþegar nýta mikið útisvæðið hjá okkur og njóta þess að hafa fallett í kringum sig. Glæsilegt jólahlaðborð var haldið í desember og síðan var hátíðarmatur í boði um jóla- og áramót. Þjónustuþegar nutu margir hátíðanna með sínum nánustu.

Talmeinaþjónusta

Þórunn Hanna Halldórsdóttir talmeinafræðingur hefur sinnt talmeinaþjónustu hjá Kjarki síðan í maí 2022. Starfsvið talmeinafræðings snýr að meðferð ákomsins tjáskiptavanda s.s. raddmeinum, þvogli, málstoli eða vitrænni tjáskiptaskerðingu. Þá sinnir talmeinafræðingur einnig klínískri greiningu og ráðgjöf tengdri kyngingarvanda.

Talmeinafræðingur sinnir þjálfun bæði í hóptímum og einstaklingstímum. Hópnámskeið síðasta árs voru með fjölbreytt markmið, s.s. Talhópur (betri raddbeiting og framburður), Fréttahópur (bætt orðminni og tjáning), Tölvur og ritun 1 og 2 (þjálfsla lestur, stafsetningu og ritaða tjáningu), Málstolshópur (bætt tjáning með fjölbreyttum tjáskiptaleiðum), Spilahópur (bætt athygli, stýrifærni og samskiptahegðun) og Leshópar (umskráning, lesskilningur og talflæði). Þá var farið af stað með Söngstund á föstudögum kl.11:00 sem hefur fengið mjög góðar viðtökur en þá er hist og hópurinn syngur saman nokkur lög, hver með sínu nefi. Auk þessara hópa, héldu talmeinafræðingur og iðjuþjálfari tvö 6-8 vikna námskeið undir heitunum Hugurþjálfun og Hugur og heilsa. Almenn ánægja var með þessu námskeið og er áætlað að halda fleiri slík námskeið.



Kynging og næringarinntekt eru einnig þættir sem geta skipt miklu máli fyrir endurhæfinguna, enda er kyngingarvandi algengur eftir ákominn heilaskaða. Úrræði geta verið bæði æfingar, þ.e. þjálfun og styrking á vöðvum í munni og koki, og uppþótaraðferðir s.s. breytt áferð matar og aðlöguð hnífapör. Þessi úrræði kalla oft á þverfaglega nálgun með samvinnu við iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara, næringarfræðings og starfsfólki mótuneytis.

Talmeinafræðingur Kjarks hefur sinnt símenntun á árinu ásamt því að miðla þekkingu til annars starfsfólks. Í mars 2023 fór Þórunn Hanna með tveimur öðrum starfsmönnum Kjarks á ráðstefnu International Brain Injury Association (IBIA) í Dublin. Það sem helst stóð upp úr af efni ráðstefnunnar var síðan kynnt samstarfsfólki. Þórunn Hanna hélt 2 önnur erindi fyrir starfsfólk á árinu; örfræðsluerindið „Á ég að þora?“ um samskipti við fólk með málstol og fyrirlestur á starfsdögum undir yfirskriftinni „Endurhæfingarferlið frá a-ö“.

Þórunn Hanna er einnig sérfræðingur gæðamála hjá Kjarki og teymisstjóri endurhæfingarteymisins. Hún hefur í því starfi yfirsýn yfir verklag teymisvinnunnar, situr í inntökuteymi og er einnig úttektaraðili á jafnlaunavottun Kjarks. Á árinu 2023 hefur sá hluti starfsins falist í að útbúa gæðaskjöl tengt starfi endurhæfingateymis, kynna starf Kjarks fyrir ýmsum stofnunum og faghópum, yfirfara skráningu í SAGA sjúkraskrárkerfi og undirbúa innleiðingu á samskipta- og skipulagslausninni Memaxi sem tekin verður í notkun á vormánuðum 2024.

Þó ekki sé löng hefð fyrir störfum talmeinafræðings hjá Kjarki hefur reynsla sl. 18 mánuði sýnt að mikil þörf er á þjónustu talmeinafræðings enda algengi tal- og málmeina hjá þeim hópi sem hér er sinnt mjög mikið. Þá er samstarf starfsfólks og teymisvinna hjá Kjarki til fyrirmyndar sem sannast á þeirri jákvæðu endurgjöf sem við höfum fengið frá okkar þjónustugegum og fjölskyldum þeirra.

Félagsráðgjöf

Hulda Gunnarsdóttir er félagsráðgjafi hjá Kjarki endurhæfingu og hóf hún störf í júní 2023. Starfssvið félagsráðgjafa er víðtækt en snýr fyrst og fremst að ráðgjöf og stuðningi við þjónustuþega og þeirra aðstandendur er varðar þau úrlausnarefni sem þeir standa frammi fyrir í kjölfar veikinda og annarra áfalla. Félagsráðgjafar veita stuðning í persónulegum málum, upplýsingar um félagsleg réttindi og aðstoð við umsóknir þar að lútandi. Það getur meðal annars tengst framfærslu, menntun, atvinnu, umsjón fjármála, fjölskylduaðstæðum, búsetu, stuðningsþjónustu og fleira.

Kjarkur endurhæfing veitir endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða. Slík áföll valda miklum breytingum í lífi fólks og við þær aðstæður getur verið flókið að halda utan um sín mál og sækja sín réttindi. Færni og geta sem var fyrir hendi áður hefur minnkað og jafnvel tapast alveg og þarf því oft að endurskipuleggja líf og aðstæður þjónustuþegans og fjölskyldunnar. Þjónustuþegi sem stundar endurhæfingu hjá Kjarki þarf oft margskonar aðstoð við að aðlaga sig að nýrri og breyttri veröld. Það gerir hann með því að læra nýjar aðferðir til að takast á við líf sitt með stuðningi.

20

Verksvið félagsráðgjafa

Hjá Kjarki sinnir félagsráðgjafi fyrst og fremst einstaklingsráðgjöf til einstaklinga og aðstandenda. Algengustu úrlausnarefnin eru að veita stuðning við að sækja um framfærslu. Einnig þurfa margir aðstoð með sín fjármál og stuðning við að ná utan um þau. Þar sem búseta hjá Kjarki er tímabundin er snemma farið að huga að hvaða búseta tekur við að endurhæfingu lokinni. Leggja þarf mat á þjónustupörf og koma á tengingu við þá aðila sem eru að veita búsetuúrræði og stuðning sé það forsenda sjálfstæðrar búsetu að lokinni endurhæfingu hjá Kjarki. Félagráðgjafi hefur þá milligöngu um að koma á fundi með félagsþjónustu og tengja saman þjónustukerfi. Félagsráðgjafi kemur gjarnan að fjölskyldufundum og fundum með fagaðilum annarra stofanna þar sem farið er yfir markmið í endurhæfingu, stuðnings- og þjónustupörf og hún samræmd. Aðstoð við að sækja um akstursþjónustu er eitt af algengum verkefnum félagsráðgjafa, enda er það mikilvæg þjónusta sem auðveldar þjónustuþegum að komast á milli staða án þess að vera upp aðra komnir.

Félagsráðgjafi sinnir ekki eingöngu einstaklingsráðgjöf. Á heilsudögum hélt Hulda félagsráðgjafi erindi fyrir þjónustuþega og starfsmenn undir yfirskriftinni „Leiðin til bættra heilsu getur verið margslungin“. Félagsráðgjafi er einnig í forsvari fyrir „Football Fantasy“-hóp ásamt starfsmönnum í dagþjónustu. Um er að ræða hópastarf þar sem þjónustuþegar koma saman og verkefnið er að setja saman besta fótboldaliðið hverju sinni með leikmönnum úr ensku úrvalsdeildinni. Um er að ræða verkefni sem reynir á félagsfærni, athygli og minni, auk þess að efla virkni hópsins.

Þverfagleg teymisvinna

Félagsráðgjafi sinnir teymisstjórn með starfi inntökuteymis og heldur utan um fundi þess, auk þess að halda utan um móttöku umsókna og svara fyrirspurnum um endurhæfinguna. Félagsráðgjafi tekur einnig virkan þátt í starfi endurhæfingateymis sem er myndað utan um þjónustuþega í endurhæfingu. Teymin hittast reglulega til að setja niður markmið og fara yfir gang endurhæfingar. Teymisvinnan er afar mikilvæg því auk ávinnings þess að fá þverfaglega sýn í endurhæfingunni þá er hún nauðsynleg þegar takast þarf á við flóknar aðstæður og erfið úrlausnarefni.

Ársreikningur
Kjarkur endurhæfing
2023

Ársreikningur

Kjarkur endurhæfing

2023



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2 - 3
Áritun endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur ársins 2023	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	7
Sjóðstreymi ársins 2023	8
Skýringar	9 - 13

Stjórn félagsins Kjarður endurhæfing:

Guðrún Karlsdóttir, formaður
Björgvin Ingi Ólafsson
Guðrún Árnadóttir
Margrét S. Jónsdóttir
Ólafía Ósk Runólfssdóttir

Guðrún Karlsdóttir
Björgvin Ingi Ólafsson
Guðrún Árnadóttir
Margrét S. Jónsdóttir
Ólafía Ósk Runólfssdóttir

Framkvæmdastjóri:

Þórdís Rún Þórisdóttir

Þórdís Þórisdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
lögiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Kjarkur endurhæfing var sett á stofn 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Starfsemi Kjarks endurhæfingar er skilgreind sem endurhæfing og boðið er upp á endurhæfingu með búsetu og/eða á dagdeild. Búseta er að hámarki til tveggja ára og að þeim tíma loknum geta þjónustupegar haldið áfram sinni endurhæfingu á dagdeild. Aðrir þjónustupegar eru í endurhæfingu á dagdeild. Starfandi eru þverfagleg inntöku- og endurhæfingarteymi. Fjölbreytt flóra sérfræðinga starfa hjá Kjarki endurhæfingu, s.s. félagstráðgjafi, iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Einnig er unnið í nánú samstarfi við aðra sjúkraþjálfara og lækna. Á vegum Kjarks endurhæfingar er einnig rekin hvíldarrými, eldhús og þvottahús.

Starfsemi á árinu

Framlag ríkisins í fjárlögum 2023 nam 804 millj. kr. og er það 6,2% hækkun frá fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2023 námu bókfærðar eignir heimilisins 45 millj. kr. en skuldir 85 millj. kr. Eigið fé í efnahagsreikningi var neikvætt um 39 millj.kr. í árslok 2023.

Meðalföldi stöðugilda hjá Kjarki endurhæfingu á árinu umreiknuð í heilsársstörf var 49,5 og launagreiðslur félagsins námu um 501,9 millj.kr.

Ráðstöfun rekstrarhagnaðar

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á rekstrarafgangi ársins.

Fjárhagsleg staða

Rekstur félagsins á árinu 2023 var rekinn með 22,1 millj. kr. hagnaði. Lífeyrisskuldbindingar fyrrverandi starfsmanna hjá Kjarki endurhæfingu við B-deild eldri réttindakerfis LSR - Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, var breytt í ársbyrjun 2016 með samningi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkissjóðs og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Uppgjörið var gert með verðtryggðum skuldabréfum útgefnunum af Lífeyrissjóði ríkisins með 120 mánaða afborgunum frá apríl 2017. Fyrstu þrjú árin voru greiddir vextir en svo hófust greiðslur af höfuðstól. Skuldabréfið er fært til skuldar á langtímaskuldir heimilisins. Eignir hvers árs eru gjaldfærðar en safnast ekki upp á efnahagsreikning, en það og uppgreiðsla lífeyrisskuldbindinga hefur neikvæð áhrif á eigið fé félagsins.

Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við bókhald félagsins, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Kjarks endurhæfingar er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu, efnahag þess á árinu 2023 og breytingum á handbæru fé á árinu 2023. Allar skuldbindingar Kjarks endurhæfingar koma fram í ársreikningnum. Engir tengdir aðilar hafa áhrif á rekstur heimilisins, ef frá er talið leiga Kjarks endurhæfingar á húsnæði Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.

Ársreikningur Kjarks endurhæfingar er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Kjarks endurhæfingar.

Reykjavík, 20. mars 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Aritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjarks endurhæfingar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Rekstrarhæfi

Við vekjum athygli á sérstakri umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu 11 þar sem fjallað er um fjárhagsstöðu Kjarks endurhæfingar.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem Kjarkur endurhæfing birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem Kjarkur endurhæfing gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjarks endurhæfingar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa Kjark endurhæfingu upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.


Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnuðum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er metri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.



Theodór S. Sigurbergsson

löggtur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík

20. mars 2024

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Ríkisframlög		804.066.662	756.806.320
Aðrar tekjur		24.364.166	26.465.741
		<u>828.430.828</u>	<u>783.272.061</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	3	(627.282.459)	(587.064.849)
Annar rekstrarkostnaður		(179.927.583)	(143.121.196)
		<u>(807.210.042)</u>	<u>(730.186.045)</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		21.220.786	53.086.016
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur	4	3.766.917	1.791.086
Fjármagnsgjöld		(2.878.697)	(8.049.545)
		<u>888.220</u>	<u>(6.258.459)</u>
Hagnaður ársins		<u>22.109.006</u>	<u>46.827.557</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	2023	2022
Birgðir	5	1.100.000	3.360.000
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6	3.486.290	2.942.032
Handbært fé		40.899.201	34.099.181
Veltufjármunir		<u>45.485.491</u>	<u>40.401.213</u>
Eignir alls		<u>45.485.491</u>	<u>40.401.213</u>
Eigið fé og skuldir			
Ójafnað tap		(39.174.528)	(61.283.534)
Eigið fé	7	<u>(39.174.528)</u>	<u>(61.283.534)</u>
Langtímalán		14.962.269	29.621.894
Næsta árs afborganir langtímalána		(4.724.927)	(7.109.255)
Langtímaskuldir	8	<u>10.237.342</u>	<u>22.512.639</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	9	69.697.750	72.062.853
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8	4.724.927	7.109.255
Skammtímaskuldir		<u>74.422.677</u>	<u>79.172.108</u>
Skuldir alls		<u>84.660.019</u>	<u>101.684.747</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>45.485.491</u>	<u>40.401.213</u>

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		22.109.006	46.827.557
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda	2	1.764.751	6.614.591
		<u>23.873.757</u>	<u>53.442.148</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(544.258)	530.582
Birgðabreyting, lækkun (hækkun)		2.260.000	(294.598)
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	(5.249.262)	3.146.146
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(<u>3.533.520)</u>	<u>3.382.130</u>
		<u>20.340.237</u>	<u>56.824.278</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar afborganir langtímalána	(16.424.376)	(43.858.942)
Tengdir aðilar, breyting		2.884.159	(3.858.488)
		<u>13.540.217)</u>	<u>47.717.430)</u>
Hækkun á handbæru fé		6.800.020	9.106.848
Handbært fé í ársbyrjun		34.099.181	24.992.333
Handbært fé í lok árs		<u>40.899.201</u>	<u>34.099.181</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kjarkur endurhæfing er endurhæfingarstofnun sem var stofnuð árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Kjarkur endurhæfing er staðsett í Hátúni 12 í Reykjavík. Kjarkur endurhæfing rekur framhaldsendurhæfingu fyrir einstaklinga með heila- og taugaskaða sem hafa fengið frumendurhæfingu á sjúkrastofnunum. Boðið er upp á endurhæfingu með búsetu eða á dagdeild. Einnig er rekið mótuneyti og þvottahús.

Kjarkur endurhæfing er ekki skattskyld.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum Kjarks endurhæfingu.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Innláusn tekna

Stærsti tekjulíður félagsins eru framlög frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Framlögin greiðast mánaðarlega í jöfnum fjárhæðum. Aðrar tekjur felast fyrst og frest í sölu á þjónustu og mat í Hátúni 12.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádröginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður í efnahagsreikning og færður til gjalda með reglubundnum hætti á lánstímanum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	501.889.630	463.653.859
Lífeyrissjóðsgjöld	77.662.589	73.769.262
Önnur launatengd gjöld	45.096.118	49.445.114
Annar starfsmannakostnaður	2.634.122	196.614
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>627.282.459</u>	<u>587.064.849</u>
Meðalföldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstorf	50	50

4. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	3.673.207	1.679.113
Aðrar vaxtatekjur	93.710	111.973
	<u>3.766.917</u>	<u>1.791.086</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vextir og verðbætur langtímaskulda	2.720.833	7.888.713
Önnur vaxtagjöld	157.864	160.832
	<u>2.878.697</u>	<u>8.049.545</u>

5. Birgðir

Yfirlit yfir birgðir:	2023	2022
Matvælabirgðir	1.100.000	3.360.000
	<u>1.100.000</u>	<u>3.360.000</u>

6. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	2023	2022
Viðskiptakröfur	2.263.470	1.923.537
	<u>2.263.470</u>	<u>1.923.537</u>
Aðrar skammtímakröfur		
Aðrar skammtímakröfur	1.222.820	1.018.495
	<u>1.222.820</u>	<u>1.018.495</u>

7. Eign þé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Ójafnað tap
Flutt frá fyrra ári	(61.283.534)
Hagnaður ársins	22.109.006
Eign þé 31.12.2023	<u>(39.174.528)</u>

8. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	2023	2022
Verðtryggðar skuldir. Vextir 3,7%	14.962.269	29.621.894
	<u>14.962.269</u>	<u>29.621.894</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Innan árs	4.724.927	7.109.255
Eftir 1 - 2 ár	4.724.927	7.109.255
Eftir 2 - 3 ár	4.724.927	7.109.255
Eftir 3 - 4 ár	787.488	7.109.255
Eftir 4 - 5 ár	0	1.184.874
	<u>14.962.269</u>	<u>29.621.894</u>

9. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	2023	2022
Lánardrottinnar	7.172.228	8.695.817
	<u>7.172.228</u>	<u>8.695.817</u>
Aðrar skammtímaskuldir		
Reiknað áunnið orlof	37.366.564	41.544.499
Ógr. launatengd gjöld	22.218.417	21.766.155
	<u>59.584.981</u>	<u>63.310.654</u>
Skuld við tengda aðila		
Tengdur aðili - Sjálfsbjörg	2.940.541	56.382
	<u>2.940.541</u>	<u>56.382</u>

10. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra	45.920.175	1.936.637	0	2.940.541
	<u>45.920.175</u>	<u>1.936.637</u>	<u>0</u>	<u>2.940.541</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2022:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra	39.304.647	1.490.237	0	56.382
	<u>39.304.647</u>	<u>1.490.237</u>	<u>0</u>	<u>56.382</u>

11. Fjárhagsleg staða

Í árslok 2023 var eigið fé Kjarks endurhæfingar neikvætt um 37 millj. kr. Skuldir Kjarks endurhæfingar nema samtals 85 millj. kr., þar af eru langtímaskuldir 10 millj. kr. og skammtímaskuldir 75 millj. kr. Veltufjárhlutfall er 0,64. Langtímaskuldir í skýringu 8 eru tilkomnar vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingu heimilisins.

Þrátt fyrir lágt veltufjárhlutfall og neikvætt eigið fé telur stjórn Kjarks endurhæfingar að í ljósi ríkisframlags og annarra fjármögnunarmöguleika sé ekki hætt á greiðslufalli hjá Kjarki endurhæfingu í nánustu framtíð.

Fimm ára yfirlit félagsins

Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr.):

	2023	2022	2021	2020	2019
Rekstur					
Ríkisframlag.....	804.067	756.806	735.100	714.300	694.200
Aðrar tekjur.....	24.364	26.466	27.577	24.445	28.651
Rekstrartekjur.....	828.431	783.272	762.677	738.745	722.851
Rekstrargjöld.....	(807.210)	(730.186)	(727.525)	(701.199)	(691.202)
Hagnaður f. fjárm.liði	21.221	53.086	35.152	37.546	31.649
Fjármagnsliðir.....	888	(6.258)	(7.548)	(8.823)	(7.165)
Hagnaður (tap) ársins	22.109	46.828	27.604	28.723	24.484
Efnahagur					
Veltufjármunir.....	45.485	40.401	31.530	26.153	31.593
Eignir samtals	45.485	40.401	31.530	26.153	31.593
Eigið fé	(39.175)	(61.284)	(108.111)	(135.715)	(164.438)
Langtímaskuldir.....	10.237	22.513	54.130	80.776	111.638
Skammttímaskuldir.....	74.423	79.172	85.512	81.091	84.393
Eigið fé og skuldir samtals	45.485	40.401	31.530	26.153	31.593

Sundurliðanir ársins 2023

	2023	2022
12. Ríkisframlög		
Framlög ríkissjóðs	804.066.662	756.806.320
Ríkisframlög	<u>804.066.662</u>	<u>756.806.320</u>
13. Aðrar tekjur		
Fæðissala	16.008.738	17.248.159
Seld þjónusta	4.124.771	4.191.918
Leigutekjur	3.618.633	4.371.972
Styrkir	200.000	0
Annað	412.024	653.692
Aðrar tekjur	<u>24.364.166</u>	<u>26.465.741</u>
14. Laun og tengd gjöld		
Laun	501.889.630	463.653.859
Orlof starfsmanna	(4.177.935)	4.032.920
Tryggingagjald	37.128.943	34.283.002
Lífeyrissjóðsgjöld	77.662.589	73.769.262
Sjúkra- og orlofstryggingar	11.244.976	10.299.118
Slysatryggingar	900.134	830.074
Annar starfsmannakostnaður	2.634.122	196.614
Laun og tengd gjöld	<u>627.282.459</u>	<u>587.064.849</u>
Stöðugildi að meðaltali	50	50
15. Annar rekstrarkostnaður		
Lyf og hjúkrunarkostnaður	3.247.913	5.695.098
Aðkeypt vinna sérfræðinga	15.346.506	15.090.910
Þvottur	905.844	596.625
Eldhús	29.961.679	23.388.184
Félagsstarf	5.864.470	5.431.898
Skrifstofa	5.618.570	4.448.060
Tölvukerfi	8.092.999	4.688.371
Aðkeypt þjónusta	11.098.911	6.674.405
Ferðir, fundir og námskeið	752.441	1.415.718
Aksturskostnaður	3.282.226	2.753.677
Ýmiss starfsmannakostnaður	7.797.919	7.446.011
Rekstrarkostnaður annar	4.146.522	2.729.955

	2023	2022
Húsnæðiskostnaður	64.037.928	47.716.804
Verkkaup og byggingarvörur	9.319.054	12.411.904
Eignakaup	10.454.601	2.625.477
Opinber gjöld	0	8.099
Annar rekstrarkostnaður	179.927.583	143.121.196

